

**Ed. 969. Frumvarp til umferðarlaga. [119. mál]**

(Eftir 3. umr. í Nd., 16. mars.)

Samhljóða þskj. 942 með þessum breytingum:

32. gr. hljóðar svo:

Við akstur bifreiðar og bifhjóls skulu lögboðin ljós jafnan vera tendruð.

Við akstur annarra ökutækja skulu lögboðin ljós vera tendruð í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum og þegar birta er ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið. Ökutæki, sem eigi skal búið ljósum, skal þá auðkennt samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Nota skal háan ljósgeisla þegar sjónsvið ökumanns nægir annars ekki til að aka örugglega miðað við ökuhraða.

Háan ljósgeisla má eigi nota:

- þegar ekið er um nægilega vel lýstan veg,
- þegar ekið er á móti öðru ökutæki, þannig að valdið geti ökumanni þess glýju, eða
- þegar ekið er svo skammt á eftir öðru ökutæki, að valdið geti ökumanni þess óþægindum.

Nota skal lágan ljósgeisla, þegar ekki er skylt eða heimilt að nota háan ljósgeisla.

Pokuljós má einungis nota í þoku eða þéttri úrkomu og geta þá komið í stað lágs ljósgeisla. Hjálparljós má eigi nota til annars en þau eru ætluð.

Ljós má eigi nota þannig að valdið geti öðrum vegfarendum glýju.

Eigi má nota annan ljósabúnað eða glitmerki en boðið er eða heimilað í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um varúðarmerki fyrir reiðmenn og hesta.

41. gr. hljóðar svo:

Bifhjóli má eigi aka samhliða öðru ökutæki.

Bifhjóli má eigi aka á gangstétt eða gangstíg, nema svo sem um ræðir í 2. mgr. 26. gr.

Á bifhjóli og hliðarvagni þess má eigi flytja fleiri farþega en ökutækið er ætlað til. Farþegi á bifhjóli skal sitja klovvega.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Fullnaðarskírteini, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara án sérstakrar tímatakmerkunar, skulu gilda áfram án áritunar þar til hlutaðeigandi er fullra 70 ára. Ákvæði þetta gildir ekki um ökuskírteini til að mega stjórna ökutækjum skv. 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968.

Hafi maður verið sviptur ökuréttindum ævilangt fyrir gildistöku laga þessara má veita ökuréttindi að nýju þegar svipting hefur staðið í þrjú ár enda hafi hann eigi áður fengið slíkt leyfi.

Lög þessi skal endurskoða fyrir árslok 1991.